



Við á Lamb Inn þekkjum af eigin raun hvernig það er að senda íþróttafólk í keppnisferðir. Þær geta bæði verið dýrar og aðbúnaður á svefnstað er oft afar lélegur, yfirleitt þunn dýna á skólastofugólfi.

Einnig er kæliaðstaða fyrir mat sjaldnast fyrir hendi og því þarf að snæða morgunverðinn meðvolgan og oft ógirnilegan.

Vegna þessa höfum við ákveðið að bjóða íþróttahópum upp gott tilboð í gistingu með morgunverði. Um er að ræða annars vegar gistingu í uppábúnum rúmum, með sæng og öllu og hins vegar svefnpokagistingu í rúmum með lökum.

Svefnpokapláss í rúmi með morgunverði 4.600.- pr. m.
Gisting í uppábúnu rúmi með morgunverði 5.800.- pr. m.

Morgunverður okkar saman stendur af brauði og hefðbundnu áleggi, súrmjólk, kornfleksi og músli, ávöxtum, sultum og marmeðlaði auk ávaxtasafa.

Við getum líka sé þess óskað, boðið upp á góðan heimilismat í hádegi eða að kvöldi á góðu verði.

Hafið samband í síma 463-1500 eða í gegn um netfangið lambinn@lambinn.is. Einnig er hægt að hringja beint í Karl Jónsson í síma 691-6633.

Umsagnir á næstu síðu.

NOKKRIR PUNKTAR

Akureyri er í aðeins 8-9 mínútna akstursfjarlægð.

Frír aðgangur er að nettengingu í almenningsrými og öllum herbergjum.

Heitur pottur er við gisti húsið sem er til afnota fyrir gesti óski þeir þess.

Við gisti húsið eru fjárhús sem yngri kynslóðin hefur gaman af að skoða.

Á efri hæð er góð fundaraðstaða. Við erum í samstarfi við íþróttasálfræðing, master í íþrótt- og heilsufræðum og sjúkra-þjálfara. Við getum haft milligöngu um fyrirlestur að ykkar vali. Aðstaðan hentar vel til töflufunda og myndbands-skoðana.

Í Hrafnagilshverfi er frábær sundlaug með stórrí rennibraut og heitum pottum. Hægt er að kaupa aðgang að henni í pakkanum okkar. Við getum líka haft milligöngu um æfingaaðstöðu í íþróttamiðstöðinni þar.

“Við Hólmarar áttum gott og notalegt stopp á Lamb Inn á leið okkar í leik á Egilsstöðum. Herbergin fin með góðum rúmum sem leikmenn kunnu vel að meta. Við fengum góðan morgunmat og notuðum fundaraðstöðuna þar sem við vorum með videofund. Áður en við lögðum af stað fengum við hörku kjúklingapasta þar sem beikonvafðir kjúklingaleggir vöktu athygli og ánægju. Ég mæli með fyrir hópa að nýta sér þessa gistingu til dæmis í kringum heimsóknir til Þórsara eða í þáttöku á fjölliðamótum.”
Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari, Snæfell körfubolti

„Við fórum norður í októberbyrjun 2014 og spiluðum við Þór og Tindastól. Ákveðið var að gista á Öngulsstöðum og var aðstaðan hreinlega til fyrirmyndar og virkilega vel tekið á móti okkur. Það er mikilvægt fyrir íþróttamenn að fá góðan svefn og að fá fin rúm og góð herbergi fyrir okkar keppnisfólk var alveg súper. Ofan á það var boðið upp á flottan morgunverð fyrir okkur. Frábær gistinguöguleiki í ótrúlegri náttúruferð þar sem þjónustan er til fyrirmyndar.“
Einar Árni Jóhannsson, þáverandi þjálfari drengjaflokks og stúlknaflökks UMFN og yfirþjálfari yngri flokka.